

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2023

2023/EES/81/04

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þunga eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægni vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 45zzx (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/543):

„45zzy. **32022 R 1362:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar frammistöðu þunga eftirvagna með tilliti til áhrifa þeirra á koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun, orkunotkun og akstursdrægni vélknúinna ökutækja án losunar og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 (Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 51a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683):

„– **32022 R 1362:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 frá 1. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 205, 5.8. 2022, bls. 145).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1362, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 145.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 24 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 12.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.